

Styrkumsóknir til borgarráðs 2017

	Tengiliður	Efni	Dags. bréfs	Sótt um kr.	Sótt um áður	Tillaga að styrk	Málsnúmer
1	Aflið, samtök gegn kynferðis og heimilisofbeldi	Rekstrarstyrkur	20.11.2017	ótilgreint	Já	nei	

Styrkbeiðni vegna reksturs Aflsins

Aflið, samtök gegn kynferðis og heimilisofbeldi hefur starfað frá árinu 2002. Þjónusta Aflsins er fyrir öll þau sem beitt hafa verið kynferðis- og/eða heimilisofbeldi í sinni víðustu mynd auk þess sem til Aflsins hafa leitað margir þolendur eineltis. Aflið býður einnig ráðgjöf fyrir aðstandendur. Aflið leggur sig fram um að ýta undir og efla umræðu um málefni þolenda ásamt því að taka virkan þátt í fjölbreyttu samstarfi við önnur félög og stofnanir sem að málaflokknum koma sem og að aðstoða nemendur við upplýsingaöflun um efni sem málaflokkinn varðar.

Starfssemi Aflsins gagnvart skjólstæðingum byggir á einkaviðtölum, hópavinnu og forvörnum. Aflið sinnir forvörnum og fræðslu í grunn- og framhaldsskólam, Háskólanum á Akureyri og öðrum stofnunum og fyrirtækjum. Öllum sem til Aflsins leita er boðið upp á ráðgjöf í einkaviðtölum en um er að ræða fyrstu hjálp og ráðgjöf í hvernig takast má á við þá reynslu að vera eða hafa verið beittur ofbeldi. Í kjölfarið er gefinn kostur á þátttöku í sjálfshjálparhóp sem sýnt hefur verið fram á að er mikilvægur þáttur í því ferli að takast á við alvarlegar afleiðingar sem ofbeldi getur haft. Ef þurfa þykir er skjólstæðingum vísað til frekari meðferðar sálfræðinga, fjölskyldufræðinga, geðlækna eða annarra þeirra sem um framhaldsmeðferð eru færir.

Þjónusta Aflsins er veitt brotaþolum og aðstandendum að kostnaðarlausu.


Frá upphafi hefur fjöldi þeirra sem til Aflsins leita aukist frá ári til árs. Sem dæmi má nefna að árið 2009 voru 324 einkaviðtol veitt en árið 2016 voru þau 1217. Ljóst er að það verður einnig fjölgun á yfirstandandi ári en fyrstu 10 mánuðina hafa verið veitt 1209 viðtöl. Um það bil fjórðungur þeirra sem til okkar leita eru búsettir utan Akureyrar og því mikilvægt fyrir öll sveitarfélög að þjónusta Aflsins sé öflug og að við getum haldið áfram að þróa starfið.

Á yfirstandandi ári hefur rekstur Aflsins og starfsemi eflst mjög en framlag ríkissjóðs hefur hækkað til muna frá fyrri árum auk þess sem starfsemin hefur verið flutt í nýtt húsnæði sem löngu var tímabært. Það er þó svo að framlögin nægja ekki til þess sem talist gæti eðlileg þjónusta í málaflokinum og enn þarf að forgangsraða verkefnum þó búið sé að slökkva flesta þá elda sem starfseminni stafaði mest hætta af. Það er þó svo að töluvert meira fjármagn þarf til að fólk á landsbyggðinni njóti sambærilegrar þjónustu við fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu. Því leitum við nú til ykkar um styrk svo mögulegt sé að halda áfram að þróa Aflið og styðja á sem faglegastan hátt við brotaþola ofbeldis í heimabyggð þar sem það getur verið mörgum óyfirstíganlegur þróskuldur að þurfa að fara langar vegalengdir til að leita sér aðstoðar. Þörfin er því miður til staðar og afleiðingar ofbeldis víðtækar og hafa ekki eingöngu áhrif á þann sem því er beittur heldur samfélagið í heild sinni og það er því samfélagsleg ábyrgð okkar allra að stuðla að bætri þjónustu við brotaþola og aðstandendur þeirra. Það er einlæg von okkar að þið takið þessu erindi vel og séuð tilbúin til að styðja við starfsemina með fjárstyrk. Öll framlög eru vel og þegin.

Með vinsemد og virðingu
Ráðgjafar og stjórn Aflsins
aflidakureyri@gmail.com

AFLIÐ

ÁRSSKÝRSLA 2016



Um ársskýrslu Aflsins

Í þessari ársskýrslu segir frá fjórtanda starfsári Aflsins, samtaka gegn kynferðis- og heimilisofbeldi. Sagt er frá sjálfshjálparstarfinu, fræðslustarfinu og þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki starfseminni. Einnig eru teknar saman tölulegar upplýsingar um skjólstæðinga auk þess sem farið er yfir fjármál samtakanna sem tóku miklum breytingum á árinu ef miðað er við fyrri ár.

Mikilvægt er að eiga tölulegar upplýsingar um skjólstæðinga, eðli ofbeldisins og afleiðingar, bæði til þess að greina þörfina fyrir starfsemi Aflsins í samféluginu, greina breytingar og til þess að auka þekkingu á málaflokknum. Árið 2016 hafa komuskýrslur verið þróaðar frekar og er það liður í aukinni gagnasöfnun um starfsemina.

Á aðalfundi samtakanna 2016 var Sigrún Finnsdóttir kosin formaður. Sóley Björk Stefánsdóttir, varaformaður, Arnar Logi Björnsson, gjaldkeri, Anna Guðný Egilsdóttir, ritari, Kristín Heba Gísladóttir, meðstjórnandi, Elfa Dögg Ólafsdóttir, varamaður og Jokka G. Birnudóttir, varamaður. Á sumar mánuðum vék Elva Dögg frá störfum fyrir Aflid. Í framhaldinu voru gerðar breytingar á stjórн samtakanna í samræmi við ráðleggingar Bryndísar Símonardóttur, faglegs ábyrgðarmanns Aflsins sem jafnframt var ráðin til samtakanna á starfsárinu. Markmiðið með breytingunum var að aðskilja stjórн frá annari starfsemi til að auka skilvirkni. Í kjölfar þeirra breytinga vék Jokka G. Birnudóttir úr stjórн. Eftir stóð fimm manna stjórн án varamanna. Frekari breytingar urðu á stjórн á starfsárinu þegar Anna Guðný Eglisdóttir tók við af Arnari Loga Björnssyni sem gjaldkeri og Kristín Heba Gísladóttir tók við störfum ritara.

Stjórн Aflsins kjörin á aðalfundi 2016:

Sigrún Finnsdóttir, formaður
Sóley Björk Stefánsdóttir, varaformaður
Arnar Logi Björnsson, gjaldkeri
Kristín Heba Gísladóttir, ritari
Anna Guðný Egilsdóttir, meðstjórnandi
Elfa Dögg Ólafsdóttir, Varamaður
Jokka G. Birnudóttir, Varamaður

Aflid

Aðalstræti 14, 600 Akureyri
Símar: 461-5959 og 857-5959
Netfang: aflid@aflidak.is
Vefsíða: www.aflidak.is
Ritstjóri: Hjalti Ómar Ágústsson
Tölfraðiúrvinnsla: Hjalti Ómar Ágústsson
Ársreikningur: ENOR
Prentun: Prentsmiðjan.is

Efnisyfirlit

Um Ársskýrslu Aflsins	3
Stjórnarpistill	5
Þróun Aflsins	6
Starfsemi Aflsins.....	8
Tölfraeði	16
Fjármál.....	17
Uppgjör ársins 2016.....	19

Stjórnarpistill

Árið 2016 var mjög áhugavert og gefandi og má segja að Aflid hafi uppskorið eins og til var sáð þar sem starfsemin hlaut aukna fjárveitingu úr ríkissjóði beint af fjárlögum. Þetta má þakka þotlausri vinnu þeirra fjölmörgu sem lagst hafa á árarnar með samtökunum. Þar má nefna pólitíkska fulltrúa bæði af þingi og úr sveitarstjórnum ásamt öllum þeim sem talað hafa máli samtakanna víðs vegar um samfélagið, hvort sem er eftir eigin reynslu af þjónustunni eða af afspurn. Stuðningur nærsamfélagsins er lykilatriði í fjármögnun samtaka á borð við Aflid.

Ýmsar breytingar urðu á starfseminni frá fyrra ári og þar má helst nefna að ráðinn var starfsmaður í fasta 50% stöðu sem ber titilinn verkefnastjóri og sinnir margvíslegu utanumhaldi,

skipulagningu, samskiptum, bókhaldi og tilfallandi verkefnum.

Á vormánuðum flutti Aflid alla sína starfsemi í nýtt húsnæði að Aðalstræti 14 sem ýmist gengur undir heitinu Gudmanns Minde eða Gamli spítali. Húsið er í eigu Akureyrarbæjar og undir umsjón Læknafélags Akureyrar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga en afnot Aflsins af húsnæðinu eru endurgjaldslaus og styrkur til samtakanna frá fyrrnefndum aðilum. Við flutninginn varð mikil og jákvæð breyting á starfsaðstöðu ráðgjafa en þau hafa nú til umráða þrjú viðtalsherbergi ásamt góðri aðstöðu til fundahalda, kynninga og fyrirlestra. Auk þess er nú í fyrsta sinn starfsaðstaða fyrir fastan starfsmann.

Aflid hefur samkvæmt samstarfssamningi við Akureyrarbæ



Jólaboð Aflsins 2016



Sigrún Finnsdóttir, formaður Aflsins, og Eiríkur Björn Björgvinsson, bærjastjóri, við undirritun samkomulags vegna Gamla Spítala.
Mynd: Þórgnýr Dýrfjörð

sinnt fræðslu til grunnskóla og nú gefst kostur á að bjóða nemendum í heimsókn til Afslins og fá fræðslu þar. Einnig hefur aukist tölvert að félagsamtök hafi samband og óski eftir að koma í heimsókn og fá kynningu á starfseminni.

Aflið hefur, eins og áður var nefnt, átt miklum velvilja að fagna frá samfélagnu og hefur okkur borist góðar gjafir í formi fjármuna og húsbúnaðar sem hefur komið sér einkar vel við að koma starfseminni fyrir undir nýju þaki.

Það er mikið og metnaðarfullt starf unnið hjá Aflinu og hefur eftispurn eftir þjónustu samtakana aukist ár frá ári. Faglegt starf innan Afslins hefur eflst til mikið og mikill metnaður er lagður í að efla og þróa faglegt starf til framtíðar.

Með þökkum
Stjórn Afslins

Þróun Afslins



Sæunn Guðmundsdóttir ráðgjafi og einn stofnenda Afslins

Aflið var stofnað á Akureyri árið 2002 í framhaldi af tilraunastarfsemi Stígamóta og Jafnréttisstofu. Í upphafi störfuðu sjö sjálfboðaliðar sem ráðgjafar hjá Aflinu og einn af þeim, Sæunn Guðmundsdóttir, starfar enn sem ráðgjafi. Árið 2016 störfuðu tólf manns með samtökunum. Starf stjórnar er unnið í sjálfboðastarfi og eru stjórnarfundir vikulega. Ráðgjafar Afslins starfa sem verktakar hjá samtökunum og er þeirra starf fyrst og fremst fólgjð í einstaklingsviðtölum en einnig í

hópastarfi, forvörnum og fleiri verkefnum samtakanna. Á fyrri hluta árs var ráðinn starfsmaður í 50% stöðu verkefnastjóra sem sér um allt daglegt utanumhald samtakanna, reikningshald, heldur utan um samskipti og samstarf ásamt óteljandi óskilgreindum tilfallandi verkefnum

Í upphafi bauð Aflið skjólstæðingum sínum upp á einstaklingsviðtöl og sjálfshjálparhópa auk þess sem símavakt hefur verið starfrækt frá upphafi. Ýmislegt hefur breyst með þróun í málaflokkinum en einkaviðtöl og sjálfshjálparhópar eru enn kjarninn í starfseminni. Nú orðið koma fyrirspurnir frá skjólstæðingum að mestu í gegnum internetið og í því ljósi var símavaktin endurskoðuð. Þar sem bráðaþjónusta við þolendur ofbeldis hefur verið bætt bæði hjá lögreglu og í heilbrigðiskerfinu var sú ákvörðun tekin að sinna ekki lengur símavakt allan sólarhringinn og gekk sú breyting í gegn í ágúst 2016. Einstaklingsviðtölum hefur fjöldað jafnt og þétt frá upphafi og hefur starfsemin margfaldast á undanförnum árum. Árið 2016 var í fyrsta skipti ekki fjölgun á einstaklingsviðtölum milli ára. Orsök þess má rekja til að á drjúgum hluta starfsársins var starfsemin undirmönnuð sem gerði það að verkum að óskað var eftir því að þeir skjólstæðingar sem treystu sér til sóttu færri viðtöl en gert hefði verið undir eðlilegum kringumstæðum.

Aflið hefur undarfarin ár haft þjónustusamning við Akureyrarbæ og hefur átt góða samvinnu við bæjaryfirvöld. Á vordögum var gerður nýr þjónustusamningur við Akureyrarbæ sem felur í sér að í stað fjárstyrks veitir Akureyrarbær Aflinu styrk í formi afnota að húsnæðinu í Gamla spítala (Gudmanns Minde) að Aðalstræti 14. Með því er húsnæðisvandi Aflsins leystur og starfsemin komin í fullnægjandi húsnæði á Akureyri. Samningurinn felur í sér viðveru og sýnileika á fjölmennstu helgum í bænum, þar sem ráðgjafar og sjálfboðaliðar á vegum Aflsins ganga um miðbæ og tjaldsvæði í merktum vestum, hengja upp plaköt með upplýsingum um Aflið á fjölförnum stöðum og eru sýnilegir á viðburðum. Auk þess veita ráðgjafar frá Aflinu á hverju ári tveimur árgöngum grunnskóla bæjarins fræðslu. Í færðslunni fer fram kynning á starfsemi Aflsins og hvert hægt er að leita eftir aðstoð ef börn hafa verið beitt ofbeldi ásamt almennri fræðandi umræðu um heimilis- og kynferðisofbeldi. Samningurinn gildir til ársloka 2018 og verður þá tekinn til endurskoðunnar. Þetta samstarf Akureyrarbæjar og Aflsins er hluti af þeirri vitundarvakningu sem hefur átt sér stað á undanförnum misserum. Það er Akureyrarbæ til sóma að bjóða upp á slíka þjónustu og hvetjum við önnur sveitarfélög til að taka sér Akureyri til fyrirmynnar í þessum efnum. Það er ljóst að fræðsla og umræða um þessi erfiðu mál er mikilvæg í baráttunni gegn afleiðingum ofbeldis og auðveldar aðgengi brotaþola að þjónustu við hæfi.

Á opnu húsi Aflsins þann 7. desember var undirritaður styrktarsamningur milli Aflsins og ENOR. Samningurinn var undirritaður af Sóley Björk Stefánsdóttir varaformanni Aflsins og Níels Guðmundssyni forstöðumanni endurskoðunar hjá ENOR. Styrktarsamningurinn felur í sér að ENOR tekur að sér gerð ársreiknings fyrir Aflið og sér um yfirferð á ársreikningi og fjárreiðum samtakanna.

Þetta er í fyrsta skiptið sem löggiltir endurskoðendur taka að sér yfirferð á ársreikningum Aflsins og er því um nokkur tímamót að ræða. Samningurinn gildir til eins árs en framlengist um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp. Aflið þakkar ENOR fyrir þeirra framlag og vonandi verður framhald á þessu samstarfi.

Í lok árs 2016 samþykkti Alþingi í annað sinn framlag af fjárlögum til næsta rekstrarárs Aflsins. Þetta eru góð tíðindi fyrir samtökin og gerir þeim kleift að sinna áfram þeim umbótaverkefnum sem framlög fyrra rekstrarárs gerðu samtökunum keift að ráðast í.

Fjárskortur hafði staðið samtökunum mjög fyrir þrifum á undanförnum árum og hefur aukið fjármagn skipt sköpum í þróun starfseminnar og m.a. gert það mögulegt að ráða faglegan ábyrgðarmann sem leitt hefur kraftmikla umbótavinnu með ráðgjöfum.

Starfsemi Aflsins

Grunnurinn í allri starfsemi Aflsins er þjónustan við brotaþola og aðstandendur. Ávallt er boðið upp á ráðgjöf í einstaklingsviðtölum. Til þessa hefur konum verið boðið í hópastarf í kjölfar einstaklingsráðgjafar en ekki hefur verið unnt að bjóða upp á hópa fyrir karla eða aðstandendur.



Sóley Björk Stefánsdóttir, varaformaður Aflsins, og Níels Guðmundsson, endurskoðandi, undirrita styrktarsamning Aflsins og ENOR.



Ráðgjafar Aflsins. F.v. Jokka, Kristján, Sigga, Abba, Sæunn, Olla og Bryndís Símonardóttir handleiðari

Ráðgjafar Aflsins sækja ráðstefnur og námskeið sér til endurmenntunar. Einnig sækja þeir handleiðslu til fagaðila ásamt því að funda vikulega þar sem þeir veita hver öðrum stuðning og ráðgjöf.

Stjórn sér fyrst og fremst um fjármögnun og rekstur samtakanna en einnig að nokkru leyti um umsýslu og skipulagningu. Stjórn fundar að jafnaði vikulega þar sem farið er yfir málin og ákvarðanir teknar í samræmi við markmið og lög félagsins. Á aðalfundi í apríl 2016 voru þær breytingar gerðar á lögum samtakanna að stjórn skipa 5 menn í stað 7 áður og í stað tveggja meðstjórnenda sem áður skipuðu stjórn eru nú tveir varamenn.

Hugmyndafræðin á bak við starf Aflsins

Frá upphafi hefur Aflið mætt einstaklingum sem þangað leita á jafningjagrundvelli. Rauði þráðurinn í starfinu er sú hugmynd að það fólk sem til okkar leitar er sjálft sérfræðingar í sínu lífi. Litið er á afleiðingar ofbeldisins og áhrif þeirra á líf fólks sem eðlilegar afleiðingar af óeðlilegum aðstæðum. Það að vera beittur ofbeldi er aldrei sök brotaþola. Fólk sem hefur verið beitt ofbeldi býr yfir miklum styrk sem það hefur notað til að komast í gegnum ofbeldið og þær afleiðingar sem það hefur haft.

Sýnt hefur verið fram á að jafningjastuðningur er mikilvægur þáttur í úrvinnslu afleiðinga ofbeldis í bland við stuðning fagaðila og hefur það ávallt verið kjarninn í hugmyndafræði Aflsins. Mikilvægur þáttur í hugmyndafræðinni er að taka mark á reynslu þeirra sem hafa verið beittir ofbeldi án þess að dæma eða skilgreina. Gagnkvæm virðing og að mæta fólk i þar sem það er hverju sinni í lífi sínu er grundvallaratriði í starfseminni og við leitumst við að vera fólk samferða í því ferðalagi sem úrvinnsla afleiðinganna er. Þannig felst vinnan fyrst og fremst í því að gera einstaklingana meðvitaða um eigin styrkleika og aðstoða við að nota þá til að breyta og bæta eigið líf. Hver og einn fær þann tíma sem hann eða hún þarf til að vinna úr afleiðingunum.

Í samræmi við þessa hugmyndafræði eru allir ráðgjafar Aflsins einstaklingar sem beittir hafa verið ofbeldi á lífsleiðinni og hafa unnið með þær afleiðingar sem það hefur haft á líf þeirra. Þar að auki fara allir ráðgjafar Aflsins í gegnum þjálfunarferli og hafa víðtæka reynslu og menntun sem nýtist þeim vel í starfi. Allir ráðgjafar njóta handleiðslu utanaðkomandi fagaðila að eigin vali en þar að auki njóta ráðgjafar Aflsins sem hópur handleiðslu faglegs ábyrgðarmanns við stefnumótun og framkvæmd þjónustunnar.

Einstaklingsviðtöl

Þegar einstaklingur leitar til Aflsins í fyrsta sinn er boðið upp á einstaklingsviðtal hjá ráðgjafa. Þar fær viðkomandi stuðning við að koma ofbeldisreynslu sinni í orð og skoða þær afleiðingar sem ofbeldið hefur haft. Ráðgjafar Aflsins leggja mikla áherslu á að byggja upp traust milli skjólstæðings og ráðgjafa, til dæmis með virkri hlustun, samkennd og með því að deila að einhverju leyti eigin reynslu, í samræmi við það sem best nýtist þeirri mannesku sem þjónustuna sækir.

Að koma í einstaklingsviðtal er stundum fyrsta skrefið sem brotaþoli tekur til þess að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins en stundum er það síðasta skrefið í langri vegferð á leið til bata. Birtingarmyndir afleiðinganna eru gjarnan skömm, brotin sjálfsmynd, lítil sjálfsvirðing, kvíði, depurð eða önnur vanlíðan. Einstaklingurinn ræður sjálfur ferðinni í úrvinnslunni með tilliti til þess hve mikinn stuðning hann vill og hve lengi. Konum hefur verið boðið upp á sjálfshjálparhópa ef þeim finnst þær þurfa áframhaldandi stuðning til að vinna úr ofbeldi eftir að hafa verið í einstaklingsviðtölum í einhvern tíma. Einnig er skjólstæðingum bent á fleiri úrræði, svo sem sálfræðinga, geðlækna eða félagsráðgjafa, allt eftir þörfum og óskum hvers og eins.

Hópastarf

Frá upphafi hefur hópastarf verið hluti af grunnþjónustu Aflsins og eru slíkir hópar mikilvægur liður í því að rjúfa einangrun brotaþola. Einstaklingar sem hafa reynslu af ofbeldi upplifa oft svipaðar tilfinningar þrátt fyrir ólíka reynslu og í slíkum hópi geta þeir deilt tilfinningum sínum og reynslu og þannig fengið aukinn skilning á þeim.

Hóparnir hittast í 15 skipti í þrjár klukkustundir í senn. Í hvert skipti er tekið fyrir ákveðið málefni þar sem þátttakendur deila hugleiðingum sínum. Allir sem taka þátt í sjálfshjálparhópum gera það á eigin forsendum og ráða því sjálfir með hvaða hætti þeir takast á við þær afleiðingar sem unnið er með í slíkum hópum. Hver hópur samanstendur af fjórum til sex einstaklingum auk ráðgjafa frá Aflinu. Markmið hópastarfsins er að einstaklingarnir geti sótt styrk hver til annars til að takast á við þær afleiðingar sem rekja má til ofbeldis. Reynslan af sjálfshjálparhópum hefur verið mjög góð og hafa þátttakendur verið ánægðir með reynslu sína í þeim sem og þær breytingar sem þeir hafa fundið hjá sjálfum sér við þá vinnslu sem þar fer fram. Til þessa hefur einungis konum verið boðið í hópastarf en ekki hefur verið unnt að bjóða upp á hópa fyrir karla eða aðstandendur vegna ónógrar aðsóknar þessara hópa í slíka þjónustu.

Símaþakt

Miklar breytingar voru gerðar á símaþjónustu Aflsins á árinu sem rekja má annars vegar til þess að samskipti almennings við Aflið hafa tekið ákveðnum breytingum síðustu árin og hins vegar þess að bráðaþjónusta lögreglu og heilbrigðiskerfisins hefur þróast mjög til hins betra á síðustu árum sem og að þekking og traust almennings á neyðar- og bráðaþjónustu hefur vaxið. Síðustu misserin hefur sími Aflsins að mestu verið nýttur til tímapantana, sem hafa svo í auknum mæli færst yfir á internetið.

Forvarnir og fræðsla



Jokka, Sigga og Olla fræða grunnskólanema

Mikilvægur hluti af starfsemi Aflsins er að halda úti fræðslu og forvörnum. Það er gert til að efla vitund almennings um hvert brotaþolar ofbeldis og aðstandendur geta leitað og hvernig hægt er að fá aðstoð. Einnig er mikilvægt að fræða unga fólk ið og efla vitund þess um ofbeldi. Aflið hefur sinnt fræðslu í 7. og 9. bekkjum grunnskóla bæjarins undanfarin ár, í tengslum við

þjónustusamning við Akureyrarbæ. Einnig er farið með fræðslu í framhaldsskóla, háskóla, stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök sé þess óskað. Árið 2016 sinnti Aflið fræðslu fyrir Zontakonur á Akureyri, geðfatlaða í Hamratúni og Menntaskólann á Akureyri. Fulltrúar frá Aflinu fóru á *Leyst úr Læðingi - málþing um áhrif erfiðra uppledisaðstæðna og áfalla á andlega heilsu og leiðir til að bæta líðan* Þar sem Jokka G. Birnudóttir ráðgjafi lýsti sinni reynslu.



Zontakonur í heimsókn

Breytingar í stjórnar- og starfshópnum

Ýmsar breytingar urðu á hópnum á árinu. Fyrst má nefna að Sigríður Sveinsdóttir lauk þjálfun og tók til starfa sem ráðgjafi hjá Aflinu. Í september bættist Ólöf María Birnu Brynjarsdóttir í hóp ráðgjafa Aflsins. Ólöf er reynslu sinnar og þekkingar vegna mikill

fengur fyrir samtökin auk þess sem hún vinnur í námi sínu að verkefnum sem hafa hagnýta þýðingu fyrir starf hennar hjá samtökunum. Við bjóðum Ólöfu velkomna til starfa. Þá hóf Aðalbjörg G. Árnadóttir, þroskabjálfi, ráðgjafabjálfun hjá samtökunum á haustmánuðum. Við bjóðum hana einnig velkomna og hlökkum til að fá hana til starfa með okkur á árinu 2017. Þær Ingibjörg Þórðardóttir og Elfa Dögg Ólafsdóttir létu af ráðgjafastörfum fyrir Aflið og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið og óskum þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Þær breytingar urðu á skipan stjórnar að Kristín Heba Gísladóttir og Arnar Logi Björnsson komu ný inn í stjórn og bjóðum við þau velkomin til starfa. Úr stjórn gengu Eygló Sigurðardóttir, Ingibjörg Þórðardóttir og Hilda Hólm Árnadóttir og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið og óeicingjarnt starf í þágu samtakanna.

Samstarf

Undanfarin ár hefur samstarf aukist mikið milli Aflsins og Lögreglunnar á Akureyri annars vegar og Sjúkrahússins á Akureyri hins vegar. Samstarfið er gott á milli allra aðila og haldnir sameiginlegir fundir. Slíkir fundir fara aðallega fram fyrir viðburði á borð við Bíladaga og aðrar stórar helgar.

Aflið og bráðamóttakan/neýðarmóttakan á Sjúkrahúsínu á Akureyri hafa nú í áraraðir átt í samstarfi. Ef óskað er eftir eru ráðgjafar Aflsins til staðar í því ferli sem við tekur þegar leitað er til neýðarmóttökunnar. Fyrir kemur að starfsfólk neýðarmóttökunnar þurfi að leita til Aflsins vegna skjólstæðinga og fer þá ráðgjafi til að sinna því. Einnig er starfsfólk SAK duglegt að vísa fólk til Aflsins ef við á.

Aflið hefur átt mjög gott samstarf við ýmsa einstaklinga í gegnum tíðina og var engin breyting þar á á þessu ári. Bryndís Símonardóttir fjölskylduráðgjafi sinnir hóphandleiðslu fyrir ráðgjafa og stjórn en ráðgjafar sækja einstaklingshandleiðslu til fagaðila að eigin vali. Einnig hefur Aflið átt góð samskipti við fagaðila vegna skjólstæðinga sinna og má þar nefna geðlækna, sálfræðinga, félagsráðgjafa og lögfræðinga. Þessir aðilar eru duglegir að vísa skjólstæðingum til Aflsins og öfugt. Einnig hefur Aflið verið að styrkja sambandið við félagasamtök í málaflokknum, t.d. Stígamót, Sólstafi, Drekaslóð og Kvennaathvarfið.

Ýmsir viðburðir á árinu

Eins og önnur ár, var árið 2016 víðburðaríkt hjá Aflinu. Fulltrúar frá Aflinu fóru á vinnufund í Reykjavík um heimilis- og kynferðisofbeldi gegn fötluðum og vanrækslu á börnum vegna skilnaðar. Á fundinum voru samankomnir fulltrúar samtaka sem tengjast málaflokknum auk fulltrúa löggreglu og var unnið í hópum sem gerðu tillögur um hvað mætti bæta og hvað mætti betur fara. Afrakstur þessarar vinnu á að nota til að auka samvinnu aðila og tryggja að allir séu að vinna að sameiginlegum markmiðum.

Fulltrúar frá Aflinu fóru í heimsókn til Stígamóta, Kvennaathvarfsins í Reykjavík og Geðhjálpar og fræddust um starfsemi þeirra. Heimsóknin var bæði fróðleg og gagnleg auk þess sem hún styrkti tengsl Afslsins við starfsfólk þessara samtaka.

Aflíð hélt málþing í Borgum í tengslum við aðalfund samtakanna. Á málþinginu fjallaði Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra, um hvernig hefur til tekist við innleiðingu verkefnisins *Höldum glugganum opnum*, Hildur Valdís Guðmundsdóttir frá Kvennaathvarfinu fjallði um ofbeldi gegn erlendum konum, Guðrún Pálmadóttir, réttindagæslumaður fatlaðs fólks, fjallaði um ofbeldi gegn fötluðum og Margrét Hanna Bragadóttir, Elsa Antonsdóttir og Anna Lára Zoega fjölluðu um rannsóknarverkefni um ofbeldi gegn öldruðum.

Aflíð tók þátt í velheppnaðri vinnustofu um *valdeflingu kvenna og framtíð* sem haldin var á vegum Rökstóla samvinnumiðstöðvar á Ólafsfirði. Vinnustofan var sett upp með heimilslegum hætti, andrúmsloftið afslappað ásamt jákvæðri og þægilegri nærveru leiðbeinandans, Lenku Uhrovu, skapaði uppbyggilegt flæði sem skilaði sér í árangursríkum samræðum. Þátttakendur deildu eigin upplifun í störfum sínum þar sem kom fram að uppbyggilegur stuðningur og jákvæð eftirfylgni skili miklum árangri til lengri tíma. Hugtakið valdefling fékk aukið rými og dýpt, sem jók skilning þátttakenda á mikilvægi þessa að sýna stuðning sinn í verki. Áríðandi er fyrir þá sem starfa við valdeflingu kvenna að átta sig á að stuðningurinn á að vera einstaklingsmiðaður og að mikilvægt sé að skapa traust og bera virðingu fyrir einstaklingum sem óska eftir stuðningi vegna úrvinnslu eigin mála. Aflíð þakkar fyrir vel heppnaða vinnustofu sem skilaði sér í auknum lærdómi, víðsýni og skilningi á því að valdefling kvenna er mikilvæg fyrir konur, vinnumarkaðinn og samfélagið í heild sinni.

Á vordögum tóku Aflskonur þátt í samráðsfundi Innanríkisráðuneytis, löggreglunar á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborgar, Drekaslóðar, Kvennaathvarfsins og Stígamóta vegna stofnunnar samhæfðrar þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis að fyrirmynnd Family Justice Center sem staðsett er í Brooklyn og víðar í Bandaríkjum. Markmiðið með fundinum var að kalla saman fulltrúa þeirra aðila sem þjónusta þolendur ofbeldis á einn eða annan hátt. Þátttakendur á fundinum voru mjög jákvæðir fyrir stofnun slíks þjónustuhúss sem myndi gera það að verkum að þolendur ofbeldis geti sótt alla þá þjónustu sem þeir þarfust á einn stað þegar fram líða stundir. Stofnun þjónustumiðstöðvar sem þessarar myndi eðlilega gagnast þolendum á höfuðborgarsvæðinu meira en þeim sem búa úti á landi.

Aflid tók í annað skipti þátt í Reykjavíkurmarathoninu árið 2016. Við viljum þakka þeim frábæru hlaupurum sem hlupu fyrir okkur og öllum þeim sem studdu við bakið á þeim og styrktu þannig Aflid með fjárfram lagi sínu. Stuðningur ykkar er ómetanlegur og fyrir hann erum við ákaflega þakklát. Alls söfnuðust 216.313 krónur.

Ráðgjafar frá Aflinu tóku þátt í undirbúningi fyrir átak um vitundarvakningu á kynferðisofbeldi gegn körlum og drengjum. Átakið, sem leitt er af Sigrúnu Sigurðardóttur, lektor við heilbrigðisvíndasvið Háskólans á Akureyri, er samstarfsverkefni með alþjóðlegum samtök sem kallast *1bluestring* og hefur íslenska átakið fengið nafnið *Einn blár strengur*. Nafn verkefnisins vísar til þess að erlendar rannsóknir sýna að einn af hverjum sex drengjum verða fyrir kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur. Til að styðja verkefnið og vekja athygli á því hafa ýsmar hljómsveitir og tónlistarmenn, s.s. Skálmöld, Dr. Spock, Magni Ásgeirsson, Bubbi Morthens og Rúnar Eff sett einn bláan streng í gítara sína auk þess sem *Einn blár strengur* verður á rokkhátíðinni Aldrei fór ég suður á Ísafirði. Átakið nær hámarki með ráðstefnu sem haldin verður í Háskólanum á Akureyri þann 20 maí næstkomandi þar sem fluttir verða fyrirlestrar um efnið auk þess sem tónlistarmenn sem styrkt hafa átakið munu koma fram. Aflid tekur á móti öllum þolendum ofbeldis og er það von okkar að átakið leiði til þess karlmenn sem hafa mátt þola kynferðisofbeldi leiti sér hjálpar í auknum mæli.

Aflid tók þátt í Samráðsfundi á Norðurlandi vestra um svæðisbundið samráð um aðgerðir gegn ofbeldi á vegum *Stýrihóps um aðgerðir gegn ofbeldi*. Á fundinum voru mættir aðilar frá sveitafélögum á Norðvesturlandi og félagsþjónustum þeirra. Fundurinn var mjög áhugaverður og almennt jákvæður þrátt fyrir að ljóst sé að mörg verkefni eru fyrir

höndum til að bæta meðferð mála og auka tilkynningar um ofbeldi. Meðal þess sem rætt var var möguleikinn á að færa þjónustuna nær þolendum með einhverjum hætti. Mikilvægt er að Aflid taki þátt í slíkum samstarfsverkefnum og myndi þannig tengsl og miðli þeirri þekkingu sem hefur skapast innan samtakanna.

Alþjóðlegt 16 daga átag gegn kynbundnu ofbeldi hefur verið haldið um árabil. Það hefst 25. nóvember, á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi gegn konum, og stendur fram að alþjóðlegum degi mannréttinda 10. desember. Jafnréttisstofa heldur utan um átakið, en markmið þess er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis. Aflid hefur tekið virkan þátt í átakinu undanfarin ár með ýmsu móti og í ár var haldið opið hús í nýju húsnæði Aflsins í Aðalstræti 14 þar sem boðið var upp á léttar vetingar í bland við erindi og tónlist. Kristján Hrannar Jónsson og Ólöf María Birnu Brynjarsdóttir ráðgjafar kynntu starfsemi Aflsins fyrir gestum, Brynjólfur Ingvarsson geðlæknir lýsti þeim breytingum sem orðið hafa á viðhorfum til heimilis- og kynferðisofbeldis frá því hann hóf störf, og skjólstæðingar Aflsins lýstu reynslu sinni af starfinu. Milli kynninga nutu gestir hæfileika norðlensks tónlistarfólks þar sem Halla og Elvar fluttu gestum nokkur jólalög, Fanney Kristjáns Snjólaugardóttir flutti frumsamið efni í bland við lög þekktra tónlistarmanna við undirleik Daniels Starrasonar og leikhópurinn Paradís flutti nokkur vel valin lög. Óhætt er að segja að opna húsið hafi verið vel heppnað og var stöðugur straumur gesta allt frá byrjun til enda. Við þökkum öllum þeim sem komu í heimsókn til okkar kærlega fyrir komuna og einnig þökkum við öllu þeim sem lögðu hönd á plóg til að gera opna húsið að veruleika, bæði einstaklingum sem lögðu til vinnu og fyrtækjum sem styrktu okkur með hráefni.




[Leikhópurinn Paradís](#)

Tölfræði


Einkaviðtöl

Árið 2016 sinntu sex ráðgjafar hjá Aflinu einstaklingsviðtölum, þar af fimm konur og einn karlmaður. Fólk af báðum kynjum kemur í einstaklingsviðtöl til Aflsins.

Árið 2016 fækkaði einstaklingsviðtölum um 7% frá árinu 2015. Viðtölin voru 1217 talsins og alls komu 188 skjólstæðingar í einstaklingsviðtöl árið 2016.



Tafla 1. Fjöldi Einstaklingsviðtala síðastliðin 6 ár.




Tafla 2. Fjöldi skjólstæðinga síðastliðin 6 ár.

Nýir skjólstæðingar

Nýjum skjólstæðingum fækkaði á árinu og voru þeir 104 en árið 2015 voru nýir skjólstæðingar 121 sem gerir 14% fækkun milli ára. Árið 2014 voru nýir skjólstæðingar 115 talsins.

Fjöldi nýrra skjólstæðinga frá 2011-2016




Tafla 3. Fjöldi nýrra skjólstæðinga hjá Aflinu árin 2011 til 2016.

Hópastarf

Árið 2016 var haldinn einn sjálfshjálparhópur. Í hópnum voru 6 skjólstæðingar en einn þeirra tók á sama tíma þátt sem hluti af þjálfun sem nýr leiðbeinandi.

Tafla 4. Fjöldi skjólstæðinga sem sóttu hópastarf hjá Aflinu árin 2011 til 2016.



Fjármál

Aflið hefur á undanförnum árum notið velvildar einstaklinga sem gefa mikið af sínum frítíma í vinnu fyrir samtökin. Á það bæði við um stjórн Aflsins, ráðgjafa og velunnara. Þessi framlög í vinnu eru mikilvægur hluti rekstursins ekki síður en fjárfamlög hinna fjölmörgu einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja.

Styrkir

Í árslok 2015 samþykkti Alþingi í fjárlögum tíu milljón króna fjárframlag til Aflsins en sú ákvörðun var tekin eftir mikinn þrýsting frá þingmönnum Norðausturkjördæmis og sveitarstjórnum á Eyjafjarðarsvæðinu. Þetta framlag gjörbreytti fjárhagsstöðu Aflsins sem hafði undanfarin þrjú ár hlotið um og yfir þrjár milljónir á ári í rekstarstyrki frá

Velferðarráðuneytinu en styrkveitingar ráðuneytisins eru venjulegar samþykktar í febrúar-mars. Til viðbótar við framlag af fjárlögum voru svo veittar þrjár milljónir í rekstrarstyrk frá Velferðarráðuneytinu. Þessi auknu framlög gera eins og áður segir samtökunum kleyft að ráðast í brýn umbótaverkefni en ekki síður er þetta mikil traustsyfirlýsing til samtakanna og taka stjórnarmeðlimir Aflsins ábyrgð sína afar alvarlega og heita því að tryggja góða meðferð á þeim fjármunum sem féluginu hefur verið úthlutað og í framhaldinu að setjast niður við samningaborðið með velferðarráðherra og vinna að samningi um fjármögnun til lengri tíma.

Rekstrartekjur ársins 2016

Framlög frá ríki	13.000.087 kr.	Framlög sveitarfélaga	1.855.662 kr.
Önnur framlög og styrkir	2.461.754 kr.	Aðrar tekjur	377.950 kr.

Samtals tekjur: 17.695.453 kr.

Útgjöld

Útgjaldamynstur Aflsins hefur breyst í kjölfar aukinna fjárframlaga. Með ráðningu verkefnastjóra jókst launakostnaður og eins var mjög auknum fjármunum varið til handleiðslu ráðgjafa og aðkeyptrar ráðgjafar vegna faglegrar þróunar Aflsins. Verkefnastjóri var í launalausu veikindaleyfi seinni hluta árs og því er launakostnaður lægri en gert var ráð fyrir. Í desember var ráðin afleysingamanneskja í stöðu verkefnastjóra þar til ráðinn verkefnastjóri snýr aftur til starfa.

Rekstrargjöld ársins 2016

Ráðgjafar laun	5.440.642 kr.	Ferðakostnaður / fundir	105.215 kr.
Laun og launatengd gjöld	2.789.354 kr.	Námskeið / ferðakostnaður	278.000 kr.
Auglýsingar	112.022 kr.	Handleiðsla	653.000 kr.
Rekstur húsnæðis	2.286.107 kr.	Annar rekstrarkostnaður	465.786 kr.


Samtals gjöld 12.130.126 kr.

Uppgjör ársins 2016

Við lok árs átti Aflíð 6.746.396 kr. kr. inn á bankareikningi. Ástæður þess eru margvíslegar. Eins og fyrr var næsta rekstarár í mikilli óvissu þar sem engin vilyrði lágu fyrir um fjárfamlög ríkisins til rekstrarar ársins 2017. Þar af leiðandi var útgjöldum stillt mjög í hóf og áfram var allt of stór hluti starfsins unninn launalaust. Auk þess þurfti verkefnastjóri að taka sér launalaust leyfi vegna veikinda. Stjórn tók því að sér að sinna þeim verkefnum sem til félle eftir bestu getu og var álag mikið á stjórnarmenn seinni hluta árs þar til ráðinn var afleysingamanneskja í stöðu verkefnastjóra. Mikil vinna var lögð í að afla styrkja í formi rekstarvara sem og að leita ýtrastu afsláttarkjara. Auknu fé var varið til handleiðslu og faglegrar ráðgjafar þar sem greitt er fyrir þjónustu utanaðkomandi fagaðila en á sama tíma fengu ráðgjafar lítið sem ekkert greitt fyrir sinn þátt í faglegri þróun. Þetta kemur til með að breytast ef gerður verður samstarfssamningur við Velferðarráðuneytið og yfirsýn yfir reksturinn nær til lengri tíma en eins árs í einu.

Uppgjör Afslins árið 2016.

Rekstargjöld	-12.130.126 kr.
Rekstrartekjur	17.695.453 kr.
Flutt frá fyrra ári	1.123.260 kr.
Vaxtatekjur/gjöld	57.809 kr.
Staða við árslok 2016	6.746.396 kr.

**Aflid**

Aðalstræti 14, 600 Akureyri

Símar: 461-5959 og 857-5959

Netfang: aflid@aflidak.is

Vefsíða: www.aflidak.is